Bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Góðan daginn ágæta bæjarstjórn.

Okkur langar að bera upp eftirfarandi erindi.

Þar sem fjölgun erlendra ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipun fjölgar ár frá ári og stefnir í á næsta ári að verða svipað og allir íslendingar, en að sama skapi virðast vera ákaflega litlar tekjur af þessum heimsóknum, það eru hafnargjöld, skipulagðar rútuferðir sem oft á tíðum eru skipulagðar af erlendum ferðaskrifstofum og lítið meira, enda hefur það marg oft komið fram hjá handverksfólki og kaupmönnum að það eru ekki miklar tekjur af þessum hópi ferðamanna.

Við viljum breyta þessu og ganga hugmyndir okkar út á það að komið verði upp litlum sölueiningum innan tollfrjálsrar girðingar á hverjum stað er þessi skip heimsækja og þar verði selt Íslenskt handverk og fl,tollfrjálst, er engin skip eru þá er einfaldlega lokað og er skipaferðum er lokið að hausti eru sölueiningarnar fjarlægðar og komið með þær aftur að vori, þetta skapar að sama skapi tekjur fyrir hafnirnar, meðal annars í sölu rafmagns og fl, kostnaður við þetta er ákaflega óverulegur og væri leytað til bæjarfélaga um leigu á þeirra húsum, til að mynda húsin úr jólaþorpunum, önnur hús yrðu smíðuð, þar sem það vantar.

Við erum að gera ráð fyrir að á stærri stöðunum væru kannski 15 – 20 hús, á minni stöðunum 5 – 10 hús, fer að sjálfsögðu eftir þörfinni . Þetta er ákaflega einfalt í framkvæmd, en að sama skapi getur þetta skapað miklar tekjur og ekki síður skapað mikið af störfum, bæði við sölu varnings og ekki síður við framleiðsluna .

Við erum undanfarin ár búin að vera mikið á ferðinni innanlands, vegna vinnu okkar og höfum við rætt mikið við handverksfólk um þennan möguleika og er skemmst frá því að segja að mikill áhugi er fyrir þesari hugmynd.

Vinna okkar undanfarin ár hefur meðal annars verið að koma á samstarfi, golfklúbba vítt og breytt um landið og rekum við meðal annars, www.golfkortid.is, www.safnakortid.is .

Að sjálfsögðu er þetta aðeins stutt kynning á þessari hugmynd og vildum við gjarnan fá að ræða þetta frekar með nánari útfærslu í huga.

F.h Icecard ehf

Hafnarfirði 21-03 2013.

Einar Þór Einarsson 041154-2419

[redacted]

...rðarbær
25.3.2013
1303503
662